

SAMÞYKKT

um hundahald á Höfn.

1. gr.

Hundahald er bannað á Höfn.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu Hafnar og þar fær eigandi merkta plötu sem ávallt skal vera á ól um háls hundsins.
- b. Skyld er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Skal slík váttrygging ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.
- c. Árlega skal greiða leyfisgjald af hundum sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir og miðist það við að standa straum af þeim kostnaði sem bærinn verður fyrir vegna þessara hunda. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars og hafi gjöldin eigi verið greidd innan 3ja mánaða frá gjalddaga skal bæjarstjórn afturkalla leyfið.
- d. Hundaeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst. Skal hann þá framvísa vottorði um að hundurinn sé tryggður.
- e. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, almenningsfarartæki og barnaleikvelli né í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- f. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda t.d. með slysaþættu og hávaða.
- g. Ef breyting verður á eignarhaldi hunds fellur undanþáguleyfi úr gildi og ber að færa hundinn til eftirlitsmanns.
- h. Hundaeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrifa eftir dýrið.
- i. Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða svo og fyrir mælum sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum. Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf. Verði leyfi fyrir hund afturkallað og hann ekki fjarlægður úr bænum skal fara með hann samkvæmt 5. gr. þessarar samþykktar.

4. gr.

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka geymslu sem starfrækt er á vegum bæjarins eða í samstarfi við nágrennasveitarfélög. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því hálfan mánuð meðan eigendum er gefinn kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan Hafnar. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Hafnar innan hálf mánaðar frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 VI. og VII. kafla.

6. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 767/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT**um notkun og hreinsun rotþróa í Garðabæ.**

1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Garðabæ, sem ekki er tengd holræsakerfi bæjarins, skal leiða gegnum rotþró af nægjanlegri stærð. Hönnun á rotþró og staðsetning hennar er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Garðabæjar, og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi ákveða verktilhögun og annað, er skiptir máli til þess að tryggja, að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal hver húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem nemur 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Garðabæjar.

Heimilt skal að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, þó aldrei hærra en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 19. júní 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.